

Grunnstarfslýsing sérfræðings í hjúkrun / sérfræðiljósmóður

Næsti yfirmaður: Framkvæmdastjóri, hjúkrunardeildarstjóri/yfirljósmóðir, eða stjórnandi skipulagseiningar Laun taka mið af launasetningarreglum sérfræðinga í hjúkrun og ljósmóðurfræðum.

Menntun og starfsréttindi

Íslenskt starfsleyfi sem sérfræðingur í hjúkrun sbr. reglugerð nr. 512/2013 eða sérfræðingur í ljósmóðurfræðum sbr. reglugerð nr. 1089/2012.

Ábyrgð og starfssvið

Sérfræðingur í hjúkrun / sérfræðiljósmóðir vinnur sjálfstætt á sérsviðum hjúkrunar / ljósmóðurfræði skv. ofangreindum reglugerðum og ber ábyrgð á starfi sínu gagnvart stofnun og næsta yfirmanni. Hann ber ábyrgð á að skipuleggja störf sín þannig að þau nýtist sjúklingum/skjólstæðingum, starfsfólki og stofnun sem best.

Starfsvettvangur sérfræðings í hjúkrun / ljósmóðurfræðum er margbreytilegur og getur tengst ákveðnum sjúklingahópi, deildum, sviðum, sjúkdómum, sérgreinum hjúkrunar- eða ljósmóðurfræði, eða öðrum viðfangsefnum sem fela í sér forvarnir, greiningu og meðferð. Starfssvið þeirra er fjölþætt og einstaklingsbundið og tekur að jafnaði mið af einhverjum af meginhlutverkum sérfræðinga:

Hjúkrun/klínískt starf

- Greinir þarfir, skipuleggur og veitir gagnreynda meðferð og stuðlar að bættri útkomu sjúklinga og fjölskyldna þeirra
- Hefur yfirumsjón með eða er leiðandi við umönnun tiltekins sjúklingahóps og stýrir t.a.m. hjúkrunar- eða ljósmæðrastýrðum móttökum eða þverfaglegum teymum
- Metur árangur, gæði og öryggi veittrar meðferðar

Þróunar, gæða- og rannsóknarstörf

- Stuðlar að þróun og auknum gæðum hjúkrunar og ljósmæðraþjónustu á Landspítala með öflun, greiningu og beitingu gagnreyntrar þekkingar
- Greinir þörf fyrir úrbætur á deild, sviði eða stofnun, innleiðir viðeigandi breytingar og metur árangur þeirra
- Þróar og endurskoðar gæða- og hæfniviðmið í hjúkrun og ljósmóðurfræðum og vinnur að gerð gæðaskjala sem auka öryggi sjúklinga og starfsfólks
- Tekur þátt í akademískri vinnu með þátttöku í rannsóknastarfi og birtir niðurstöður á ráðstefnum og í fagtímaritum

Kennsla og fræðsla

- Þróar og vinnur fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur, greinir fræðsluþarfir og veitir sjúklingafræðslu ásamt því að meta árangur hennar
- Tekur þátt í eða hefur umsjón með aðlögun og starfsþróun starfsfólks og kennslu nemenda
- Metur fræðsluþarfir starfsfólks, fræðir og metur árangur
- Veitir sérfræðingum í hjúkrun og ljósmóðurfræðum og nemendum í starfsnámi til sérfræðiviðurkenningar leiðsögn
- Stundar kennslu á sérsviði við háskóla og aðrar stofnanir og tekur þátt í þróun kennslu á sérsviði

Ráðgjöf

- Veitir formlega ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda innan og utan stofnunar
- Veitir heilbrigðisstarfsfólki innan og utan stofnunar ráðgjöf um sérhæfða meðferð
- Veitir stjórnendum, fagfélögum, sjúklingasamtökum eða opinberum aðilum ráðgjöf um málefni sem varða viðkomandi sérsvið

- Veitir menntastofnunum ráðgjöf um menntun og þróun þekkingar á sérsviði
- Leiðtogahlutverk**
- Er leiðtogi á sínu sérsviði m.a. með forystu í viðamiklum verkefnum, nefndarstörfum og teyllum
 - Er í forystu við þróun þekkingar, innleiðingu nýjunga og breytinga á sérsviði
 - Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi
 - Tekur þátt í starfsemi fagráða og vinnur með forstöðumanni fræðasviðs, formönnum fagráða eða öðrum að skipulagningu og stefnumótun á sérsviði
 - Hvetur til beitingar gagnreyndra starfshátta og aðstoðar starfsfólk við eflingu faglegar færni og þroska
 - Er talsmaður skjólstæðinga innan og utan stofnunar

Sérfræðingur í hjúkrun / sérfræðiljósmóðir vinnur með viðkvæmar og persónulegar upplýsingar og virðir þagnarskyldu, siðareglur og aðrar skyldur sem kveðið er á um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og heilbrigðisstarfsmanna.

Hæfni

- Yfirgripsmikil þekking og klínísk færni til að leysa viðfangsefni er lúta að flókinni hjúkrun og meðferð sjúklinga/fjölskyldna á sérsviði
- Hæfni til að veita ráðgjöf á sérsviði
- Mjög góð forystu- og leiðtogahæfni
- Getur greint hvar úrbóta er þörf og innleitt breytingar
- Getur þróað verkferla sem auka öryggi skjólstæðinga og starfsfólks
- Mjög góð hæfni til að miðla flóknum eða viðkvæmum upplýsingum til ólíkra hópa
- Mjög góð samskiptahæfni og geta til að vinna í þverfaglegum teyllum
- Sýnir fagmennsku, umhyggju og virðingu í samskiptum í samræmi við samskiptasáttmála Landspítala
- Þekking og færni í notkun viðeigandi klínískra kerfa og gagnagreiningu
- Sérstök hæfni til að afla og miðla gagnreyndri þekkingu
- Hefur hæfni til að meta fræðsluþarfir og leiðbeina öðrum með beitingu fjölbreyttra kennsluáðferða
- Hæfni til að meta árangur, gæði og öryggi veittrar meðferðar

Umgjörð starfs

- Unnið er skv. sýn og stefnu hjúkrunar og stefnu og gildum Landspítala og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74 1997, svo og lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012
- Umgjörð starfs og vinnutími fer eftir starfsemi og aðstæðum hverju sinni.
- Starfið krefst mikils sveigjanleika og getu til að vinna við krefjandi aðstæður.
- Starfið er oft mjög líkamlega og tilfinningalega krefjandi.
- Starfið gerir kröfu um stöðuga endur- og símenntun til að viðhalda hæfni á sérsviði og að fylgst sé með nýjungum og gagnreyndri þekkingu á sviðinu.
- Sérfræðingar í hjúkrun / sérfræðiljósmóðir vinna samkvæmt þeirri sýn og markmiðum sem þeir setja sér í störfum sínum og leggja árlega fram starfsáætlun og greinargerð um störf sín og árangur eins og við á.
- Sérfræðingi í hjúkrun er heimilt að sinna akademískri vinnu eða verkefnum innan stjórnsýslu, enda sé slíkt samþykkt fyrirfram og skriflega af yfirmanni.
- Starfið gerir kröfu um vinnuumhverfi skv. lögum um aðbúnað og hollustuhætti starfsmanna ríkisins nr. 46/1980.